Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**608. fundur stjórnar SSH**
**var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 2. júní 2025**
**og hófst hann kl. 13:00.**

**Fundinn sátu:**
Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Þorbjörg Gísladóttir, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH, Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Katrín Margrét Guðjónsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri Kópavogs, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri Mosfellsbæjar og Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Kjósarhrepps tóku þátt í fundinum með fjarfundabúnaði.

Ásdís Kristjánsdóttir varaformaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

**Dagskrá:**

**1. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - 2409007**

Umræður um stöðu mála hvað varðar undirbúning stofnunar nýs félags um rekstur almenningssamgangna, fyrirliggjandi lögfræðiálit og næstu skref. Umræður um tilnefningu aðila í stjórn Almenningssamgangna ohf. Umræður.

**Gestir**

Þorsteinn Gunnarsson borgarritari Reykjavíkurborgar

Ásthildur Helgadóttir sviðsstjóri umhverfissviðs Kópavogsbæjar

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir Expectus ráðgjöf

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi

**Niðurstaða:**

*Umræður. Fyrirliggjandi lögfræðiálit verða send stjórn Strætó bs. til umræðu.*

**2. Farsældarráð höfuðborgarsvæðisins - 2502003**

Hanna Borg Jónsdóttir kynnir tillögu að samsetningu farsældarráðs, verklagi og tímalínu. Sérstaklega verður fjallað um skipan fulltrúa sveitarfélaganna í ráðinu og tillögur þar að lútandi.

**Gestir**

Hanna Borg Jónsdóttir verkefnastjóri farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins

**Niðurstaða:**

*Umræður. Haldinn verður sameiginlegur fundur stjórnar SSH og velferðar- og fræðslustjóra sveitarfélaganna.*

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

### 3. Skilavegir - yfirfærsla vega til sveitarfélaga - 1910012

Framhald umræðu frá 600. fundi stjórnar en þá var eftirfarandi bókað í fundargerð vegna málsins:

"Á 586. fundi stjórnar SSH var skrifstofu SSH falið að greina reynslu sveitarfélaganna af yfirfærslu skilavega og þær kostnaðarbreytingar sem yfirfærslan hefur leitt til. Skoðun á framangreindu hefur nú farið fram og liggja fyrir drög að skýrslu Birgis Björns Sigurjónssonar ráðgjafa.

Niðurstaða fundar:
Lagt fram til kynningar og rýni. Frekari umræðum frestað. Framkvæmdastjóra er falið að sjá um skipulagningu og boðun vinnustofu um yfirfærslu skilavega."

**Niðurstaða:**

*Ekki gafst tími til að taka þennan lið á dagskrá fundarins og er umræðum um hann frestað.*

### 4. Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins - 2409009

Fyrirliggjandi eru drög að sameiginlegum samningi sveitarfélaganna og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins vegna áranna 2026-2028, en sveitarfélögin hafa hingað til gert samninga hvert um sig við stofuna. Framangreind gögn voru einnig lögð fyrir 606. fund stjórnar en frekari umræðum og afgreiðslu málsins frestað.

**Niðurstaða:**

*Umræður. Frekari umræðum og afgreiðslu málsins er frestað. Framkvæmdastjóra er falið að greina nánar framlög til Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins og þróun þeirra.*

### 5. Skíðasvæðin -Rekstur - 2205009

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 427. fundar samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 10. september 2024 ásamt fundargögnum.

**Niðurstaða:**

*Ekki gafst tími til að taka þennan lið á dagskrá fundarins og er umræðum um hann frestað.*

### 6. Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 138. fundar svæðisskipulagsnefndar dags. 16. maí 2025.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026